

Nd. 580. Frumvarp til laga [240. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar eignir ríkissjóðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarbæ fasteignina Ásbúðartröð 1, Hafnarfirði, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum. Náist ekki samkomulag um söluverð, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eignina Smiðjuveg 17 í Kópavogskaupstað, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja lóðina Skeljanes 10, Reykjavík (áður Sæból í Skildinganeslandi).

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk fjármálaráðuneytisins, og fylgdi því svofelld greinargerð:

Dánarbú Andrésar Johnsons í Ásbúð í Hafnarfirði, en Þjóðminjasafnið var einkaerfingi hans, hefur aldrei verið gert upp fyllilega að því leyti, að húseignin Ásbúð, Ásbúðartröð 1, og viðkomandi leigulandi hefur ekki verið ráðstafað eins og ráð var fyrir gert í upphafi. Fyrirhugað hafði verið, að Hafnarfjarðarbær keyti landið, enda þarf hann á því að halda í framtíðinni vegna skipulags í þessum bæjarhluta. Húseignin er mjög hrörleg orðin og bíður aðeins niðurrifs. Þykir eftir atvikum rétt, að Hafnarfjarðarbæ verði boðin eignin til kaups.

Eignin Smiðjuvegur 17, Kópavogi, er eign Landnáms ríkisins og var notuð undir verkstæðisrekstur þeirrar stofnunar. Sá rekstur hefur nú verið sameinaður verkstæðisrekstri Vegagerðar ríkisins, og er því ekki lengur not fyrir fyrrgreinda eign.

Eignin Skeljanes 10 var seld ríkissjóði árið 1944, en hefur aldrei verið nýtt. Þykir rétt, að aflað sé heimildar til sölu hennar.